



Íslensku tjáskiptasamtökin

Landssamtök ITC á Íslandi

- Tjáning ekki þjáning -

Aðventu & jóla

Fréttabréf Lands & Ráðs

3. tbl. starfsársins 2006-2007.

Desember 2006



ITC á aðventu

Nú er komið fram á miðja aðventu og flestar ITC deildir búnar að halda jólafundi sína og gera því hlé á starfinu fram yfir nýárið.

Fyrir marga er aðventan kærkomin tilbreyting frá amstri hversdagsins og þeir reyna af fremsta megni að umvefja boðskap hennar um frið og góðan hug til samferðamannanna með ýmsu móti.

Vinahópar hittast til að gleðast saman, fjölskyldan sameinast til jólaundirbúnings með baksti eða föndri. Margir sækja ýmsar uppákomur sem efnt er til í sveitarfélögum á aðventu t.d. Jólaborpið í Hafnarfirði.

Í ljósi þess hve vel þótti takast til í haust með kynningarstarf Korpu í heimabyggð ákvað stjórn Landssamtakanna og útbreiðslustjóri að reyna svipaðar leiðir í útbreiðslu og helgina 9. og 10. desember var tekið á leigu „hús“ í Jólaborpinu í Hafnarfirði þar sem deildir á höfuðborgarsvæðinu kynntu sig og ITC starfið. Fréttir af því hvernig til tókst eru í þessu blaði.

Forsetum deilda hefur verið boðið að senda fréttir úr deildum sínum og í síðasta fréttabréfi fengum við fréttir frá fjórum deildum, Fífu, Hörpu, Ísafold og Stjörnu. Í þessu bréfi fáum við fréttir frá fleiri deildum sem ekki rúmuðust í síðasta bréfi auk fréttar af ITC deildarstarfi og jólahaldi í Ástralíu og ýmsan boðskap í tilefni aðventu og jóla.

*Asthildur Sigurðardóttir,
ITC Ísafold/Sögu, kjörforseti.*

***Nú er gaman, nú eru jól,
nú eru ljósin fögur,
um herrann Jesúm ,heimsins sól,
hljóma ljóð og sögur.***



ITC eru alþjóðleg samtök sem efla einstaklinga á skjótan og árangursríkan hátt

Fréttir
frá Hafdísí
útbreiðslustjóra
af ITC kynningu
í Jólaborpinu
í Hafnarfirði.



Laugardagur 9. desember 2006.

Fífa hóf daginn og bauð upp á innpakkaðar spesiur merktar ITC og upplýsingar um deildina. Einnig voru þær með konfekt ásamt miða með upplýsingum. Þær dreifðu boðsmiðum fyrir bókarkynninguna á deildarfundum í janúar og á kynningarfundinn sem verður einnig í janúar.

Harpa tók við af Fifum og var með kökur í poka ásamt upplýsingum um deildina.

Kynningarbæklingarnir í þribrotinu kláruðust. Um 50 manns skrifuðu í gestabók. Þó nokkrir af Reykjanesinu. Einn maður sem skrifaði nafnið sitt talaði um að hann væri með ungt fólk á aldrinum 16 - 24 ára sem þyrfti á svona þjálfun að halda. Ég nefndi við hann að það gæti verið möguleiki á því að stofna deild eða vera með námskeið fyrir ungmennin. Ég sagði að við myndum hafa samband við hann. Þarna var líka einhver frá Selfossi þannig að fólk kom víða að.

Ég var á staðnum til kl. sex og fékk nokkur nöfn í viðbót. Ég er ánægð með daginn og hvað þetta gekk vel hjá okkur. Síðan er bara að bíða og sjá hvernig morgundagurinn verður.

Sunnudagur 10. desember.

Korpa, Melkorka og Íris voru með kynningu í dag. Það voru heldur færri í þorpinu í dag en gær. Þetta gekk samt vel, því miður létum við ekki marga skrifa í gestabókina, þar sem fólk vildi heldur skoða heimasíðuna og kynna sér þetta sjálf.

Þessu verður fylgt eftir með því að setja upp veggspjöld í bókasöfnin og síðan koma fréttir í blöðin.

Melkorka var með lukkumiða á 100 kr. stk. og þeir runnu út eins og heitar lummur. Við seldum tvö afmælisrit. Það komu margar konur sem höfðu verið í ITC.

Ég er mjög ánægð með þessa kynningu og það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.

Við vitum núna hvað kom vel út þannig að við getum gert þetta ennþá betur næst.

Kveðja,
Hafdís Sverrirsdóttir, ITC Írsi,
útbreiðslustjóri.



Eftirréttur og Jólaís að hætti forseta landssamtakanna.

Mér datt í hug að ykkur vantaði góðar uppskriftir fyrir jólin. Hér er uppskrift af mjög vinsælum eftirrétti, sem er mjög einfaldur í gerð og það er einmitt helsti kosturinn við hann. Hann þarf heldur ekkert að bíða lengi, bara 1-2 tíma. En það er auðvitað smekksatriði, hvort maður vill hafa marengsinn alveg bráðnaðan í rjómann.

Eftirrétturinn:

½ ltr. rjómi (þeyttur)
1/1 dós ferskjur (í bitum)
Marengsbotn (mulinn)
3 stk. Snickers (brytjað)
(etv. bragðefni í rjómann og
líka er hægt að hafa hvaða ávexti sem er,
ferskir eða frosnir eru líka góðir)
Öllu blandað saman sett í skál og kælt.

Og fyrst ég var byrjuð, læt ég líka fylgja með uppskriftina að ísnum sem ég geri alltaf á jölunum.

Toblerone ís:

200 gr. ljós púðursykur og
6 egg þeytt (lengi, eða þar til þau eru orðin þétt
froða)
½ ltr. rjómi (þeyttur)
1-200 gr. Toblerone súkkulaði (brytjað smátt)
(Etv. bragðefni í rjómann, t.d. Bailey's líkjör og/eða
vanilla)

Öllu blandað saman sett í ísmót og fryst.

**Bestu kveðjur,
Sigrún Guðmundsdóttir
Forseti Landssamtaka ITC**

"Fljúgum hærra - The sky's the limit"



Börnin skrifa Guði.

Kæri Guð.

Meintirðu það í alvöru að allt það sem að við viljum
að aðrir menn geri okkur skulum við einnig gera
þeim? Þá þarf ég sko að taka í bróður minn.

Solla.



Fréttir frá ITC deildinni Melkorku

Starfsárið byrjaði hálf brösulega hjá okkur Melkorkum. Þrír félagar sögðu sig úr deildinni skömmu áður en vetrarstarfið hófst og á sama tíma sátum við uppi salarlaus því leigan hækkaðu upp úr öllu valdi.

Því er ekki að neita að sú hugsun flögraði að forseta og fleirum deildarmeðlimum að nú væri kominn tími til að hugsa sinn gang og jafnvel reyna að sameinast annarri deild fremur en að vera að paufast þetta svona fá. Sú ákvörðun var þó tekin að snúa vörn í sókn og unnum við hörðum höndum að því að fá sal og fengum að lokum í Hverafold 5 þar sem ITC deildin Irpa fundaði forðum.

Á fundum hefur verið þétt og skemmtileg dagsskrá og töluvert um gestagang. Við erum búin að fá einn nýjan aðila auk þess sem fleiri hafa gefið okkur undir fótinn með að ganga til liðs við okkur. Allir félagar eru mjög virkir meira að segja aðili sem er í leyfi en hún hefur séð um kynningu á ITC á mömmumorgnum í Seljakirkju.

Melkorka ætlar að halda upp á 20 ára afmælið sitt á næsta ári og höfum við hugsað okkur að gera það með stæl en meira um það síðar.

***Gleðileg jólar og farsælt komandi ár!
Kolbrún Gísladóttir, forseti Melkorku.***



Fréttir úr ITC Korpu Haustið 2006

Vetrastarf ITC Korpu byrjaði að fullum krafti 25. ágúst áður en reglulegir deildar fundir hófust, með kynningu á ITC á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ í Mosfellsbæ með góðum undirtektum.

Deildir eins og ITC Saga lögðu hönd á plóg ásamt útbreiðslunefnd Landssamtakanna og uppskar því deildin ríkulega.

Á kynningarfundinn, sem haldinn var 20. september, komu 9 gestir og ávalt hafa verið gestir á fundum eftir það. Nú hafa bæst við 4 nýir félagar.

Þeir félagar sem eru í Korpu eru mjög áhugasamir og smitast það í deildina. Stjórn Korpu er samansett af nýjum félögum sem nýta sér þekkingu eldri félaga.

Vetrastarf er mjög fjölbreytt búið að fara bíó á myndina „The devil wears Prada“ sem er sígild Hollywoodmynd með Meryl Streep í aðalhlutverki, eftir myndina var farið á Kaffi Reykjavík. Fundurinn var svo haldin í lokuðum sal, borðaðar léttar veitingar í hléinu og létu félagar í ljós álit sitt á myndinn.

Það er margt spennandi framundan. Korpa mun eiga stefnimót við ITC Írisi á jólafundi. Þessar deildir hafa brallað margt saman og ætla að endurnýja kynnin á jólafundi.

***Með kveðju,
Bylgja Matthíasdóttir, forseti ITC Korpu***



Starfsemi ITC Flugu haustið 2006

Um miðjan september fórum við Flugurnar af stað með starfsemi vetrarins.

Var byrjandabragur á okkur og á fyrsta fundinum, allar eins og við værum búnar að gleyma hvað við værum að gera í ITC, það var svo gaman að hittast á ný.

En strax á næsta fundi vorum við aftur eðlilegar og skiluðum okkar verkefnum með sóma enda búnar að vera á embættismannafræðslu sem okkur fannst alveg frábært að fá hingað norður og höfðum virkilega gott af. Ég held að við séum allar virkari á eftir .

Takk fyrir stöllum í stjórn fyrsta ráðs að koma þessu á og þið megið alveg koma á þriggja ára fresti hingað með fræðsluna fyrir öll embættin. Næst tók við undirbúningur fyrir ráðsfund og var það skemmtilegur og lærdómsríkur ferill að koma þessa öllu heim og saman. Tókst ráðsfundurinn afar vel og höfum við fengið hrós fyrir. Okkur fannst mæting vera góð og mikið léttist á okkur brúnin er við vissum að ITC konur að sunnan voru komnar suður á þessum óveðursdegi að lokinni skemmtilegri helgi á Húsavík.

Það er búið að vera mjög skemmtilegt á fundum hjá okkur. Nýliðarnir eru að flytja sína ísbrjóta og við með hæfnismat á hverjum fundi og AP mat. Hæfnismat á hæfnismat hefur ekki komist á síðan í fyrra en það verður. Svo erum við líklega að fá tvo nýja féлага inn eftir jólin.

Um daginn lásum við bókina Draumalandið, eftir Andra Snæ Magnason. Við þurftum svo margt að segja um bókina og þær hugsanir sem hún vakti með okkur að líklega verðum við að halda annan fund helgaðan henni.

Nú er komið að því að lesa upp úr jólabókunum. Flugur hafa lesið upp úr nýjum bókum á 2-3 stöðum fyrir jólin og er það mjög skemmtilegt.

Á jólafundinum höfum við alltaf öðruvísi fund. Nú verðum við með algjöran óvissufund það eina sem við vitum er að við eigum að koma með í jólapúkkið og mæta 30 mínútum fyrr á okkar venjulega fundarstað.

ITC Flugu óskar öllum ITC félögum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á liðnum árum.

Jólaþak
Kornína B. Óskarsdóttir forseti ITC Flugu



Fjögur þrep lífsins:

1. Þú trúir jólasveininn.
2. Þú trúir ekki á jólasveininn.
3. Þú ert jólasveinninn.
4. Þú lítur út eins og jólasveinninn.

ITC jólasaga frá Ástralíu

Skyldu verða hvít jól í ár? Vissuð þið að í Ástralíu eru engin hreindýr? Og að þar af leiðandi hefur jólasveinninn 6 kengúrur fyrir sleðanum í staðinn. Hann kemst ekki niður um strompinn eins og sumsstaðar annars staðar í heiminum, því að í Ástralíu er yfirleitt ekki arinn í húsum. Lykill er geymdur við útidyrnar svo Sveinki komist inn með gjafirnar.



Í Ástralíu er starfandi ITC deild sem heitir Chinchilla Club. Hún er í samnefndum bæ, um 300 km. frá Brisbane, þar sem heimsþingið verður haldið í júlí 2007. Í Chinchilla búa um 6.800 manns. Mikil fólksfjölgun er á staðnum um þessar mundir því nýlega var ákveðið að byggja kolakynt orkuver á svæðinu, ásamt tilheyrandi kolanámu. Má líkja því við Kárahnjúka Austfirðinga, héraendis.

Fyrir síðustu jól barst mér skemmtilegt bréf frá félagi úr deildinni. Það er Nancee Kafer sem er 61 árs, fráskilin, móðir þriggja uppkominna dætra og amma þriggja barnabarna. Hún hefur alla tíð búið í Chincilla. Í bréfinu segir hún m.a. frá jólahefðum „andfætlinganna“. Ég ætla að gefa Nancee orðið:

„Ég hef starfað í deildinni í um 10 ár og nýt þess að sækja fundi og læra að standa upp og tala. Mest hef ég gaman af að flytja óundirbúnar ræður. Það er ekki skemmtilegt að leita heimilda fyrir rannsóknarræður, en eftir að internetið kom er það jú miklu auðveldara. Deildin okkar er frekar fámenn, einungis um 7 félagar. Hún hefur starfað í um 30 ár og var einu sinni fjölmenn. Við fundum tvisvar í mánuði á þriðjudögum kl. 19.30. Á fyrri fundi mánaðarins eru félagsmál á dagskrá, þar sem eru gefnar 30 mínútur til að afgreiða mál, lesa fundargerð síðasta fundar, skýrslu gjaldkera og önnur mál. Þá höfum við þjálfunardagskrá. Á seinni fundi mánaðarins er einungis þjálfunardagskrá. Dagskrárstjóri skipuleggur dagskrá fundanna. Á flestum fundum eru óundirbúnar umræður, þar sem aðilar eru kallaðir upp af handahófi og flytja óundirbúna ræðu um úthlutað efni í um 2 mín. Þá eru undirbúin verkefni, sem geta verið ljóðalestur, bókarkynning eða ræða. Allt verkefni upp á 5-8 mínútur. Okkur finnst líka ómissandi að hafa þætti um Ástralíu, um 3-5 mínútur og líka eitthvað sem er í heimsfréttunum eða bara frá Ástralíu. Þjálfunardagskráin tekur yfirleitt eina klukkustud. Hæfnismat er á hverjum fundi um nánast alla dagskrána. Venjulega eru fundirnir bæði skemmtilegir og uppbyggilegir. Í lok funda fáum við okkur tebolla eða kaffi og eitthvert meðlæti og ræðum saman um daginn og veginn.



Þessa dagana er mjög heitt í veðri, um 35°C. Stomar geisa og skýstrókar valda skaða á húsum og á ökrum. Núna er uppskerutími m.a. á baðmull, vínberjum, vatns- og risamelónum. Við erum heppin að hafa mikið úrval af ferskum ávöxtum og grænmeti allan ársins hring, jafnvel yfir vetrarmánuðina.

Um jólin verð ég hjá dóttur minni og fjölskyldu. Í hátíðarmatinn verður kalt kjöt, skinka og kjúklingur, og salat. Ís og ávextir og kannski kaldur plómubúðingur. Það verður nóg að drekka – bjór og snafs og svaladrykkir, kannski svolítið rauðvín. Við munum borða og drekka alltof mikið og sofa svo vel á eftir.

Það er lögbundið frí hjá öllum á jóladag og daginn eftir sem kallast „Boxing day“ og flestar búðir hafa lokað tvo daga til viðbótar.

Við fögnum nýja árinu með teiti, vökum frameftir og borðum og drekkum alltof mikið, einu sinni enn. Talandi um mat og vín, þá nýt ég þess í botn, því eldri sem ég verð því betur kann ég að meta lystisemdir lífsins.“

Nancee Kafer, Chincilla Club, Ástralíu

Gleðileg jól.

**Sigrún Guðmundsdóttir, ITC Jóru
forseti Landssamtaka ITC á Íslandi**



Kæru ITC félagar
Bestu óskir til ykkar og fjölskyldna
ykkar um gleðilega jólahátíð
og farsælt nýtt ár

*Yfir bústað ykkar breiði
ár og friður vængi sína.
Jólin þangað ljúfust leiði
ljós, er foldarbörnum skína.
Ekki gull né auðlegð neina
eg úr fjarlægð þangað sendi,
en þá bæn, að ástin hreina
ykkur leiði móðurhendi.*

Hulda.



Útgefandi: Íslensku tjáskiptasamtökin, - Landssamtök ITC á Íslandi

Veffang: <http://www.simnet.is/itc>

Tölvupóstfang: itc@simnet.is

Ritstjóri: Ásthildur Sigurðardóttir, kjörforseti, asthsig@gmail.com

Ábyrgðarmaður: Forseti Landssamtaka ITC, Sigrún Guðmundsdóttir.
